

## D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra 12. maí 2015 í máli nr. S-58/2014:

### Ákærvaldið

*(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Gísli M. Auðbergsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þriðjudaginn 17. mars, er höfðað með tveimur ákærum á hendur X.

Fyrri ákæru gaf ríkissaksóknari út hinn 12. mars 2014 og er hún fyrir

„neðangreind brot gegn fyrrum unnustu [ákærða], A, [sem ákærði hafi framið] á Akureyri sem hér greinir:

1. Sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. ágúst 2010 á ofangreindu heimili sínu að [...] veist með ofbeldi að [A] og sparkað ítrekað í líkama hennar og höfuð. Af þessu hlaut [A] bólgu yfir vinstra hluta andlits, bólgu og skrámu á nef, bólgu aftan við hægra eyra og tvær kúlur á höfuð, mar á handarbak, upp- og framhandlegg hægri handar, mar yfir vinstri axlarvöðva og á vinstri framhandlegg, mar á brjóstakassa og eymsli í hálsi og mjóbaki.
2. Sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar 2013, að [...], veist að [A], sparkað og slegið í andlit hennar og líkama ásamt því að hafa slegið hana í höfuð með kristalkertastjaka. Afleiðingar árásarinnar urðu þær að [A] hlaut kúlu aftan á hnakka hægr[a] megin, á vinstri hlið höfuðs og ofan við vinstra eyra, mar aftan á baki, á vinstri upphandlegg, hægri framhandlegg, við vinstri úlnlið og aftan á hægra læri. Þá hlaut hún skurð á vinstra handarbak sem sauma þurfti saman og bólgu á varir.

Teljast brot þessi varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

[A], gerir þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.545.760,- í skaða- og miskabætur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 22. ágúst 2010 til 5. apríl 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þessa er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Síðari ákæru gaf lögreglustjórinn á Akureyri út hinn 2. maí 2014 og er hún

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 10. mars 2014, ekið bifreiðinni [...], undir áhrifum áfengis (alkóhólmagn í blóði reyndist 1,99‰), stutta vegalengd á bifreiðastæði við afgreiðslu BSO við Strandgötu á Akureyri.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga.“

Ákærði neitar sök. Að því er varðar síðari ákærulið í ákæru ríkissaksóknara neitar ákærði að hafa sparkað í A og neitar að hafa slegið hana með kertastjaka en viðurkennir að þau hafi tekist á og hann slegið hana, en það hafi verið í sjálfsvörn. Ákærði krefst sýknu en til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfi. Verjandi hans krefst málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málin voru sameinuð.

## Málavextir

### *Ákæra ríkissaksóknara, fyrri ákæruliður*

Samkvæmt lögregluskýrslu kom A, hér eftir nefnd brotþoli, til lögreglu 19. febrúar 2013 vegna mála sem í skýrslunni eru sögð „varða samskipti hennar og [X]“, ákærða í málinu. Sagði hún þá meðal annars svo frá að ákærði hefði, hinn 22. ágúst 2010, að heimili sínu í [...], sparkað í sig, svo hún hefði orðið bólgin í andliti og fengið mikla verki. Hún hefði farið á sjúkrahús eftir þetta en ekki leitað til lögreglu.

Samkvæmt vottorði úr bráðasjúkraskrá Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri kom brotþoli þangað kl. 15:31 hinn 22. ágúst 2010. Er haft eftir henni að hún hafi daginn áður farið út að borða með unnusta sínum, þau hafi eitthvað farið að kýta og þegar heim til hans hafi verið komið hafi hann hrint henni svo hún hafi dottið í gólfið og sparkað í nokkur skipti í höfuð hennar. Um skoðun á henni segir í vottorðinu: „Hún er mjög sjokkeruð að sjá. Höfuð: Hún er greinilega bólgin yfir [vinstri] hluta andlits, sérstaklega yfir kinnbeini og fyrir framan eyra. Einnig nokkuð bólgin á nefi og það er skráma [vinstra] megin á nefi. Einnig bólga fyrir aftan [hægra] eyra og 2 aðrar kúlur á höfði. Við þreifingu á andlitsbeinum er hún mjög aum yfir [vinstri] zygomaticus og yfir [vinstri] sinus og einnig kjálka, bæði efri og neðri. Finnst vera skrítn tilfinning eiginlega báðum megin í andliti, þó ekki

eins og náladofi. Það er sársaukafullt að bíta tönnum saman og getur ekki opnað munninn að fullu. Öll andlitsbein eru stabil. Ekki blóð úr eyrnagöngum. Það eru mikil eymsli þegar þreifað er yfir nefi en ekkert óstabilitet þreifast. Öll andlitsmimik eru eðlileg og sjón í lagi. [Hægri] handleggur: Það er mar ofan á handarbaki, fyllir nær allt handarbakið. Það er einnig mar dorsalt á framhandlegg og 2 á upphandlegg, þetta er allt byrjandi mar. Mjög aum við þreifingu. Þó ekki aum í olnbogalið, úlnlið eða öxl og allar þreifingar í þessum liðum eðlilegar. [Vinstri] handleggur: Það er stórt mar yfir deltoïd vöðva og einnig mar dorsalt á framhandlegg. Það er í lagi með öxl, olnboga og úlnlið. Það má sjá mar á thorax, rétt fyrir neðan axilluna á bakinu [vinstra] megin. Það eru eymsli paravertebralt í hálsi, ekki bankaum yfir hryggjatindum á hálsi eða bakinu, en eymsli við þreifingu í mjóbaki og paravertebralt þar. Allar hreyfingar í baki eru þó í lagi en hún heldur mjóbakinu svolítið stífu.“ Undir vottorðið ritar B lækni.

Samkvæmt vottorði C háls-, nef- og eyrnalæknis, dags. 11 nóvember 2013, kom brotápoli til læknisins hinn 25. október 2010, þar sem hún hefði orðið fyrir líkamsárás tveimur mánuðum áður og þá fengið högg á höfuð, andlit og háls. Í vottorðinu segir að við skoðun hafi verið að sjá „svolitla þykkun á vinstri kinn, eðlilegar andlitshreyfingar og skoðun [að öðru leyti] innan eðlilegra marka. Virtist vera með smá blóðgúl í vinstri kinn sem var að fara og hverfa en virtist ganga frekar hægt.“ Þá segir í vottorðinu að brotápoli hafi komið í eftirlitsskoðun til læknisins hinn 11. ágúst 2011. Hafi bólga á andliti þá verið gengin niður. Áður hafi D lýtalæknir sprautað í hægri kinn hennar vegna skekkju á brosi. Við skoðun hafi komið í ljós að munnvik hægra megin hafi verið aðeins lægra, sem hugsanlega hafi verið vegna sprautunnar, en annað eðlilegt.

Samkvæmt vottorði D lýtalæknis, dags. 5. nóvember 2013, kom brotápoli til læknisins hinn 8. ágúst 2011 og hafi þá sagst hafa fengið áverka ári áður eftir spark í andlit. Við skoðun hafi hún verið „með dýpri nasolabiallínu vinstra megin, þ.e.a.s. hrukkulínan milli vinstri kinnar og munns. Er þó ekki lömuð en áberandi er þó hve vöðvakraftur vinstri andlitshelminga er minni en hægra megin. Þar er áberandi munur og þegar hún talar er eins og munnvik séu aðeins skökk vegna sömu orsaka. Útlitslega séð er hægt að minnka þetta örllítið með því að sprauta fylliefni undir nasolabialhrukkuna til að [mýkja] þetta örllítið og það var gert“. Þá segir í vottorðinu að brotápoli hafi hitt lækninn að nýju hinn 3. júní 2013 og hafi hún þá sagst hafa fengið spark á vinstri andlitshelming í febrúar. Við skoðun hafi verið „greinilegt að andlitið virkaði skakkt en aðallega virðist efri vör vinstra megin vera slappari þegar hún talar og hangir þar aðeins meira niður þannig að eins og tonus vöðvanna sé ekki eins mikill vinstra megin eins og hægra megin. Það er þó ekki full lömun á tauginni, hún getur brosað, hún getur talað en bara eins og vöðvatonusinn sé ekki eins mikill. Húðskyn er eðlilegt. Þegar bankað er yfir fascialis taugina, þ.e.a.s. andlitstaugina sem hefur með andlitsvöðvana að gera á þessu svæði er hún aum þar yfir vinstra megin en ekki hægra megin. Óþægindi niður eftir kinn yfir tauginni vinstra megin. Álitið var eins og fyrir að taugin sé aðeins löt, þó ekki lömuð. Erfitt að gera sér grein fyrir hvort þetta sé versnun frá því 2 árum áður eða ekki. Ekki var gerð aðgerð eða frekari meðferð planlögð en henni var ráðlagt að gefa þessu tíma enda fannst sjúklingi þessi einkenni versna við þennan seinni áverka. Erfitt er að gera sér grein fyrir batahorfum þannig að líklega er þessi taugalömun sem að hluta til virðist vera í andlitstaug varanleg, hún allavegana var til staðar 08. 08. 2011 og þegar maður skoðar sjúkling u.þ.b. 2 árum seinna virðist enginn bati hafi orðið þarna á. Geri ekki ráð fyrir að taugin nái sér

eða það sé hægt með aðgerðum að lagfæra þetta. Ef hins vegar taugin verður algerlega lömuð myndi horfa allt öðru vísi við. Þá yrði hægt að gera aðgerð til að fá betri function eða leiðni í þessa taug.“

Samkvæmt vottorði E félagsráðgjafa á sjúkrahúsinu á Akureyri kom brotþoli til hennar hinn 25. ágúst 2010 í kjölfar komu á slysadeild hinn 22. ágúst „í kjölfar meints ofbeldis á henni af hálfu kærasta síns“, ákærða. Hafi hún komið reglulega til félagsráðgjafans „til úrvinnslu áfalls og til að fá aðstoð við að setja nýjan ramma utan um líf sitt, þ.e. að slíta sambandi við [ákærða].“ Hafi hún sýnt sterk einkenni kvíða og hræðslu, átt erfitt með svefn og óttast viðbrögð ákærða við sambandsslitum. Henni hafi svo gengið ágætlega að slíta tengsl við ákærða, farið að vinna einhverjum vikum eftir atburðinn og í nóvember hafi hún verið farin „að geta notið lífsins betur, losa um einangrun og hitta vinkonur.“

#### *Ákæra ríkissaksóknara, síðari ákæruliður*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning klukkan 04:13 hinn 10. febrúar 2013 um hávær öskur í konu úr íbúð í ..., líklega íbúð ... . Á vettvangi hafi brotþoli opnað þar fyrir lögreglu og verið í miklu uppnámi, með áverka í andliti og blóðugar hendur. Á vettvangi hafi ákærði einnig verið og er haft eftir honum í frumskýrslu að þau hafi rifist og það farið úr böndunum. Var ákærði handtekinn og fluttur af vettvangi en brotþoli flutt á slysadeild. Þá hafi ákærði verið færður á slysadeild klukkan 05:10.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir sem lögregla tók á vettvangi. Sjást meðal annars brotnir kertastjakar á gólfi og að glerplata á sóffaborði er skökk. Þá segir að blóðblettir hafi fundist á sóffa. Einnig sést á myndum blóð við eldhúsvask og á eldhúsgólfi og brotin flaska á eldhúsgólfinu. Þá sjást á myndum blóðblettir á gangi íbúðarinnar og blóðkám á svalahurð og vegg við hana, og einnig segir í gögnum að blóðkám hafi verið á svölunum sjálfum.

Tekið var blóðsýni úr ákærða til alkóhólákvörðunar klukkan fimm um morguninn. Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands mældist magn alkóhóls í sýninu 2,11%. Ekki er í málinu vottfest skjal um að sýni hafi verið tekið úr brotþola, en þess er getið í frumskýrslu lögreglu að svo hafi verið gert. Segir í yfirliti lögreglu að skjal með niðurstöðu alkóhólákvörðun taki til sýna úr báðum aðilum. Skjalið greinir tvær, annars vegar þá sem rakin hefur verið og varðar sannanlega ákærða. Hin niðurstaðan hljóðar um 1,63% og verður miðað við að hún taki til brotþola.

Samkvæmt áverkavottorði, undirrituðu af F lækni, dags. 1. mars 2013, kom brotþoli á brádamóttöku hinn 10. febrúar 2013. Hafi hún þá verið „sjokkeruð að sjá“ og grátið. Hún hafi verið með kúlu aftan á hnakka hægra megin og aðra á vinstri hlið höfuðs, verið aum við þreifingu neðst á hálsi og þreifiaum „yfir paravertebral vöðva á hálsi. Getur hreyft háls í alla hreyfifleti en fær eymsli við að reigja höfuðið aftur og einnig fær hún eymsli þegar hún setur höku niður í bringu. Það er að sjá mar aftan á baki í hæð við C7 sem nær frá hægri öxl og út á þá vinstri, um 10 cm á lengd. Er um 3 cm breitt. Hún er með bólgnar varir og hefur blætt úr þeim. Er að sjá blóð í kringum munn. Útlimir: Það er að sjá mar á innanverðum

upphandleggnum vinstra megin. Einnig er að sjá mar á vinstri úlnlið. Á vinstra handarbaki er skurður sem að saumaður er með 3 sporum. Einnig er að sjá á hægri framhandlegg 2 marbletti á stærð við 5 krónu peninga.“ Í vottorðinu segir einnig að hún hafi komið að nýju daginn eftir og þá hafi verið teknar Röntgen-myndir af hálsi og brjóstþrygg en engir brotáverkar hafi greinst. Við skoðun hafi sést greinilegur marblettur aftan á hægri læri, um sex til sjö cm á lengd og einn í þvermál þar sem mest hafi verið. Þá hafi hún kvartað yfir „töluverðum eymslum yfir vinstra parietalsvæði og eru nokkur eymsli þar við þreifingu. Þreifast greinilega kúla þar sem hún er mjög aum. Hún er sirka 4 cm fyrir ofan vinstra eyra. Ekki eru nein merki um haematom eða mar í gegnum hárið. Einnig er hún með nokkur eymsli á bak við vinstra eyra. Hugsanlega smá punktmarblettur sem er um sirka ½ x ½ cm að stærð. Er þá aðallega aum við þreifingu. Ekki augljós merki um yfirborðsáverka. Þá er hún mjög aum í vinstri hendi þar sem hún hafði verið saumuð“. Brotapoli hafi komið að nýju í saumatöku hinn 22. febrúar. Hafi þá verið sýking í kring um skurðsárið og hafi hún verið sett á sýklalyf í vikutíma.

Samkvæmt áverkavottorði undirrituðu af F lækni, dags. 28. febrúar 2013, kom ákærði á bráðamóttöku hinn 10. febrúar 2013. Hann hafi verið sýnilega ölvaður en sagt skýrlega frá atvikum frá sínum sjónarhóli. Skyrta hans hafi verið blóðug yfir vinstri framhandlegg. Um skoðun segir meðal annars: „Áverka var að sjá á vinstri handlegg. Það var að sjá eitt skurðsár dorsalt rétt neðan við olnboga, var grunnt örlítið gapandi. Sett var 1 spor í sárið og síðan settur steristrip plástur yfir. Annað sár var meira distalt, um 5 cm ofan við úlnlið, um 2 cm á lengd. Við fyrstu sýn virtist það ekki vera djúpt en þegar búið var að deyfa í sárið og farið var með pincettu niður þá virtist það liggja undir húðlagið. Annað sár sem lá volart virtist vera útgangsport sársins. Sett voru 2 spor í sárið dorsalt en sárið sem var volart var skilið eftir opið, lokað með steristripi. Hann var með eðlilega hreyfigetu í öllum fingrum og virtist hnífsblaðið rétt hafa aðeins farið undir húðlagið. Ekki var að sjá sinaskaða. Hann var töluvert bólginn fram á handarbak alveg upp undir kjúkur. Var þreifiaumur yfir metacarpalbeini I og II aðallega. Hann var með fulla hreyfigetu um úlnlið en töluvert verkjaður í öllum framhandleggnum. Einnig var að sjá stórt bitfar um miðjan framhandlegg lateralt. Hann var með rispur inni í hægri og vinstri lófa. Einnig var að sjá fleiðursár á hægri framhandlegg sem var plástrað. Ekki var að sjá áverka annarsstaðar á líkama.“ Síðar sama dag hafi ákærði komið í endurmat og þá verið tekin Röntgen-mynd af framhandlegg sem ekki hafi sýnt beináverka. Skoðun hafi sýnt að „distal status“ hafi verið í lagi og engin merki verið um taugaskaða. Hafi hann getað hreyft alla fingur. Enn hafi hann haft verki og bólgu eftir stungusár og bit.

Samkvæmt vottorði E félagsráðgjafa á sjúkrahúsinu á Akureyri kom brotapoli til hennar í kjölfar þess að hafa leitað á slysadeild hinn 10. febrúar 2013. Hafi brotapoli lýst því að hún hafi átt erfitt með að slíta alveg tengslin við ákærða og hafi þau tekið saman að nýju og gengið vel í fyrstu. Hafi hún komið í regluleg viðtöl hjá félagsráðgjafanum og meðferðartímabil verið frá 20. febrúar 2013 til 24. október 2014. Segir í vottorðinu meðal annars að brotapoli hafi lýst vaxandi líkamlegri og andlegri þreytu og megi líklega rekja þau einkenni að verulegu leyti til langvarandi streitu og kvíða og hræðslu. Hafi brotapoli sveiflast mjög tilfinningalega gagnvart ákærða og í senn haft áhyggju af honum og vitað að hún þyrfti að slíta sig frá honum. Segir svo í vottorðinu að „ítrekað ofbeldi sem [brotapoli hafi] orðið fyrir“ hafi að mati félagsráðgjafans „klárlega sett sitt mark á konuna. Hún [lýsi] sífelldri þreytu, dofaeinkennum og skertu jafnvægi sem vel

[geti] verið einkenni áfallastreitu.“

### *Ákæra sýslumannsins á Akureyri*

Samkvæmt lögregluskýrslu barst hinn 10. mars 2014 klukkan 02:38 tilkynning um að ölvaður ökumaður hefði komið að bifreiðastöðinni BSO á bifreiðinni ... og væri vitni að akstrinum, G. Ökumaður hefði hlaupið frá stöðinni þegar hann hafi orðið þess var að hringt var á lögreglu. Er lögregla hefði verið á leið á vettvang hefði hún orðið vör við mann á hlaupum við Geislagötu 10 og hafi hún þekkt hann sem ákærða. Hafi hann verið hlaupinn uppi og handtekinn og hafi kveikjúláslyklar bifreiðarinnar fundist í vasa hans. Segir í skýrslunni að ákærði hafi verið „margsaga um hvort hann hefði ekið bifreiðinni eða ekki“, og hafi hann borið öll merki ölvunar við handtökuna. Tvívegis var tekið blóð úr ákærða til rannsóknar, klukkan 03:15 og klukkan 04:45. Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands mældist alkóhól 1,99‰ í fyrra sýni en 1,55‰ í hinu síðari.

Tekin var skýrsla af ákærða eftir handtökuna og neitaði hann þá að tjá sig um sakarefnið.

Hinn 11. apríl 2014 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu og sagði þá að vinur sinn, H, hefði ekið bifreiðinni frá heimili ákærða og að leigubifreiðastöðinni.

Hinn 14. apríl 2014 gaf H skýrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa ekið bifreið ákærða þessa nótt frá heimili ákærða og að leigubifreiðastöðinni. Hefði hann skilið bifreiðina þar eftir og farið þaðan gangandi.

### **Skýrsla ákærða og framburður vitna fyrir dómi**

#### *Ákæra rikissaksóknara, fyrri ákæruliður*

Ákærði sagði samband sitt og brotaþola hefði verið mjög gott, en stormasamt. Áfengisneysla hefði valdið vandamálum í sambandinu og ættu þar bæði sök. Væri brotaþoli mjög skapbráð og hefði gert margt á hlut ákærða, sem ekki hefði farið lengra. Sjálfur ætti hann enga ofbeldissögu og hefði aldrei lagt hendur á nokkurn mann. Hann hefði hins vegar oft þurft að verja sig þegar brotaþoli hefði fengið „bræðisköst“. Sambandið hefði varað í um níu ár, en þau hefðu aldrei átt sameiginlegt heimili, þótt slíkt hefði stundum komið til tals. Sambandinu væri nú lokið, þótt ákærði gæti ekki nefnt ákveðna dagsetningu í því samhengi. Síðast hefðu þau verið saman sem par, fyrir hálfu ári, eða svo.

Spurður um þetta kvöld sagðist ákærði ekki muna hvort þau brotaþoli hefðu farið saman út þá, en sagði engin gögn málsins styðja að hún hefði verið hjá sér um kvöldið. Áverkar sem hún hefði verið með daginn eftir, væru ekki af sínum völdum.

Brotapoli sagði samband þeirra ákærða hafa staðið í átta ár eða svo, og hafa verið stormasamt, tilfinningaríkt og flókið. Víndrykkja, afbrýðisemi og misskilningur hefði spíllt fyrir þeim. Bæði hefðu neytt áfengis en ákærði þó í meira mæli en hún.

Spurð um fyrri ákæruliðinn sagði brotapolí að þau hefðu farið út að borða og eftir það á skemmtistað þar sem þau hefðu verið langt fram eftir nóttu. Þar hefði hún dansað tvo eða þrjá dansa við annan mann, en hætt því þegar vinkona sín hefði bent sér á að ákærði hefði staðið reiður á dansgólfinu með kreppta hnefa. Brotapoli hefði þó ekki tekið því neitt alvarlega því kvöldið hefði verið búið að vera „mjög skemmtilegt“. Þau hefðu farið með leigubifreið heim til hans og strax í forstofunni hefði hafist rifrildi og ákærði fljótlega hrint sér í gólfið og byrjað að sparka í sig, fyrst í hliðina, í kring um brjóstkaða og út á handlegg, en svo í höfuðið margoft. Brotapoli hefði farið inn í herbergi ákærða og læst að sér, en hann hefði átt lykil og hefði opnað og komið inn og þar haldið áfram um stund. Kvaðst brotapolí ekki muna frekar eftir sér fyrr en hún hefði vaknað í rúmi í herberginu daginn eftir. Hefði hún farið heim til sín, lagt sig en ákveðið eftir það að fara á sjúkrahús vega verkja, einkum höfuðverkja.

Brotapoli sagðist hafa hringt í mágkonu sína, vitnið I, og sagt henni hvað gerst hefði. Hefði mágkonan komið til brotápola sama dag eða daginn eftir og séð áverkana.

Brotapoli sagði að ákærði hefði oft komið til sín dagana eftir þetta og viljað „gera allt til þess að laga þetta“ og hefði meðal annars séð um innkaup fyrir hana. Hann hefði sýnt henni „fram á það að hann var sjálfur ekki ánægður með það sem gerðist“, og hefði það átt þátt í því að hún hefði ákveðið að kæra atvikið ekki til lögreglu.

Vitnið I, mágkona ákærða, var spurð hvort hún hefði talað við brotápola í ágúst 2010. Kvaðst hún hafa farið tvisvar og talað við hana, en ekki muna hvenær það hefði verið nákvæmlega. Þá kvaðst hún ekki muna orðaskiptin nákvæmlega, en þær hefðu rætt deilur sem verið hefðu milli ákærða og brotápola og áfengisneyslu þeirra. Hefði vitnið sagt að skoðun sín væri „að þau ættu að hætta því, en nákvæmlega hvað okkur fór á milli man ég ekki“. Vitnið sagðist ekki hafa séð áverka á brotápola og ekki muna til þess að brotapolí hefði sagt við sig að ákærði hefði lagt hendur á hana. Nánar spurð neitaði hún að brotapolí hefði sagt að orðið hefðu átök þar sem hún hefði meiðst. Brotapolí hefði sagt sér að hún væri þreytt og vansvefta, og það hefði ekki leynt sér, auk þess sem hún hefði eflaust glímt við eftirköst áfengisneyslu og verið útgrátin. Ekki hefðu verið, vitninu vitanlega, átök milli ákærða og brotápola, en vitnið tók fram að það hefði ekki verið daglegur gestur hjá þeim.

Vitninu voru sýndar myndir af brotápola, sem liggja fyrir í málinu, og sagði vitnið að brotapolí „hefði verið vansvefta, útgrátin og örugglega verið timbruð eftir fyllerí, en svona var hún ekki.“

Vitni J, sonur ákærða, kvaðst hafa átt heima hjá föður sínum í mörg ár, fram á árið 2011. Herbergi vitnisins hefði verið við hliðina á innganginum í húsinu. Vitnið sagði að í ágúst 2010 hefði hann því tekið eftir mannaferðum í og úr húsinu. Vitnið sagði að í ágúst 2010 hefði hann verið að vinna síðari hluta dags en almennt verið mjög mikið heima á kvöldin. Sagðist vitnið hafa verið heima umrætt kvöld og vísaði til þess að á þessum tíma hefði það sofð heima hjá sér allar nætur og hefði hvergi annars staðar getað verið. Hann hefði verið heima eiginlega hvert einasta kvöld að spila tölvuleiki. Kvaðst vitnið ekki kannast við að nein átök hefðu orðið milli ákærða og brotþola á þessum tíma.

Vitnið K vinnufélagi brotþola kvaðst muna eftir því að hafa hitt ákærða og brotþola í nokkur skipti saman á Pósthúsbarnum. Hugsanlega hefði eitt skiptið verið í ágúst 2010. Kvaðst vitnið muna eftir því að ákærði hefði orðið afbrýðissamur vegna þess að brotþoli hefði dansað við annan mann og hefði vitnið þá sagt við hana „að það væri kannski sniðugt hjá henni að hætta að dansa við hann.“

Vitnið B læknir staðfesti vottorð sitt. Vitnið sagði þá áverka sem brotþoli hefði verið með hefðu getað komið heim og saman við frásögn hennar. Batahorfur hefðu verið góðar. Hugsanlega yrðu slíkir áverkar til þess að menn misstu daga úr vinnu, en ekki marga.

Vitnið E félagsráðgjafi sagði brotþola hafa leitað á slysadeild sjúkrahússins í ágúst 2010 og í framhaldi af því hefði henni verið vísað til vitnisins. Þeirra fyrsta viðtal hefði verið 25. ágúst og þá hefði sést á andliti brotþola og eitthvað á höndum hennar, að því er vitnið minnti. Fyrst og fremst hefði brotþola verið brugðið og hún verið skelkuð. Hefði brotþoli viljað fá aðstoð við að slíta sambandinu, sem hún hefði verið í lengi. Brotþoli hefði verið í viðtölum við vitnið fram yfir næstu áramót og þá verið komin „á góða leið“, ef svo mætti segja. Hefði brotþoli sýnt ýmis einkenni sem þekktust hjá konum sem átt hefðu í ofbeldisfullu sambandi.

#### *Ákæra ríkissaksóknara, síðari ákæruliður*

Ákærði tók fram að hann myndi atvikið ekki í smáatriðum, enda hefði hann verið ölvaður og þau brotþoli bæði. Þá hefðu allt gerst hratt, þegar í íbúð brotþola hefði verið komið. Þau hefðu farið saman í matarboð í heimahús um kvöldið, en eftir það á Pósthúsbarinn. Þaðan hefðu þau farið með leigubifreið heim til hennar. Þar hefðu þau fljótlega farið að þrasa og hún tekið upp vasahníf, svo sem hún væri vön. Ákærði hefði þá orðið hræddur, enda hefði hún stungið hann áður, og reynt að ná af henni hnífnum. Sá leikur hefði eitthvað borist um íbúðina en að lokum hefði hann náð af henni hnífnum, en áður hefði hann fengið þrjú sár á hendina, þar af eitt í gegn. Þá hefði brotþoli reynt að stinga hann í bakið. Ákærði hefði tekið utan um

brotapola, til þess að róa hana, en þá hefði hún bitið hann í hendina og hefði hann borið tannaför eftir í hálfan mánuð. Eftir þetta hefði „leikurinn [borist] þarna eitthvað um húsið og endirinn er sá að við dettum um einhvert tréborð inni í stofunni, sem var með glerplötu, og á því voru einhverjir kertastjakar sem náttúrulega dattu niður og brotnuðu“. Eftir þetta hefði ákærði náð að róa brotapola, en hún hefði tekið síma og hringt á lögreglu. Ákærði hefði tekið af henni símann, enda hefði sér fundist lögreglan búin að koma „nógu oft“ til þeirra. Ákærði hefði farið í yfirhöfn sína og byrjað að þurrka upp blóð af gólfinu en þá hefði lögreglu borið að garði og hún handtekið ákærða. Fossblætt hefði úr höndum ákærða en hann hefði samt verið fluttur í fangageymslu en brotapola verið ekið á sjúkrahús.

Ákærði var spurður hvort hann hefði getað flúið úr íbúðinni en sagðist ekki hafa átt möguleika á því. Brotapoli hefði reynt að stinga sig í bakið og væru göt á baki skyrtu hans eftir það. Leðurjakkinn sem hann hefði verið í væri hins vegar heill, enda hefði hann farið úr honum þegar hann kom inn í íbúðina. Á sjúkrahúsinu um nóttina hefði bakið ekkert verið skoðað og því væru ekki til læknisfræðileg gögn um áverka á bakinu, sem hefðu bæði verið eftir stungu og klór.

Brotapoli sagði þau ákærða hafa farið út um kvöldið, en í leigubifreiðinni heim til hennar á eftir hefði ákærði sagt að hún hefði verið „mjög köld við hann“ þetta kvöld. Hefði hún þá sagt honum að koma ekki með sér inn heldur fara heim til sín. Hefði hún svo yfirgefið bifreiðina og farið ein inn til sín. Þegar hún hefði verið komin inn hefði ákærði fljótlega knúið dyra og það fast og hún þá ákveðið að opna svo „hann myndi ekki gera eitthvað“. Þegar hún hefði opnað hefði hann sparkað beint framan í hana og aftur þegar hún hefði legið í gólfinu. Hún hefði reynt að slá til baka og reynt að losa sig við hann. Þessar ryskingar hefðu borist um alla íbúðina og í eitt skipti, er ákærði hefði haldið um höfuð hennar, hefði hún bitið hann. Hefði hann þá byrjað að „láta högginn dynja“ og þau þá verið komin í stofusóffann. Hefði hann þá meðal annars barið sig í höfuðið með kristalskertastjaka. Hún hefði tekið stálkertastjaka og ætlað að verja sig með honum, en ákærði tekið hann af henni. Þá hefði hún hlaupið til að ná í síma en ákærði einnig tekið hann af henni. Loks hefði hún náð í lítinn hníf til að ógna ákærða með, en ákærði einnig náð honum. Hún sagðist ekki muna til þess að hafa reynt að stinga ákærða með hnífnum, en hún hefði otað hnífnum að honum til að halda honum frá sér. Ákærði hefði þá verið „með hendurnar úti um allt til þess að reyna að taka hann af“ brotapola. Hefði hann getað fengið stungusár vegna þess. Hún kvaðst ekki muna til þess að hafa reynt að stinga ákærða í bakið. Nánar spurð hvort verið gæti að hún hefði hlaupið á eftir ákærða og stungið hann í bakið sagði hún að það gæti verið, en hún myndi ekki eftir því.

Brotapoli sagði að lögregla hefði komið einni til tveimur mínútum eftir að átökunum hefði lokið.

Vitnið L, sem heima á í annarri íbúð fyrir ofan íbúð brotapola, kvaðst hafa tilkynnt atvikið til lögreglu. Vitnið hefði vaknað um nóttina við „gríðarlegan hávaða“ úr íbúð brotapola og skruðninga í húsgögnum. Þá hefði hún heyrt „óhljóð“ í konu, frekar væl en öskur. Ekki hefði heyrst í karlmanni. Ekki hefði farið milli mála að

þarna hefði ofbeldi verið haft í frammi.

Vitnið sagði að sér hefði fundist lögregla lengi á leiðinni og hefði ætlað að hringja til hennar aftur, þegar hún hefði komið. Hefði hún svo séð lögreglu fylgja ákærða á brott.

Vitnið M leigubifreiðarstjóri kvaðst hafa ekið ákærða og brotþola á heimili brotþola í febrúar 2013. Hefði vitninu fundist framkoma brotþola við ákærða á leiðinni vera „dálítið leiðinleg“. Nánar spurt vísaði vitnið til þess að tónninn í tali hennar hefði verið „fráhrindandi“ og hún „æddi nú út á undan manningum á meðan hann er að gera upp [...] ökugjaldið“. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt í ákærða á leiðinni.

Vitnið N lögregluþjónn sagði brotþola hafa opnað fyrir lögreglunni og þá verið blóðug, hrædd og lítið getað tjáð sig. Ákærði hefði verið á staðnum og að þrifa blóð af gólfi, æstur og hefði hreytt einhverju í lögregluna. Hefði strax verið ákveðið að handtaka hann og færa af vettvangi. Staðfesti vitnið skýrslu sína en kvaðst ekki muna nú hvaða orð hefðu farið milli manna á vettvangi.

Vitnið O lögregluþjónn sagðist hafa komið á vettvang, en þá hefðu aðrir lögregluþjónar þegar verið komnir. Hefði ákærði þá verið að þrifa gólfið, sem hefði verið svolítið blóðugt, en brotþoli hefði setið eða legið á gólfinu og verið í uppnámi. Ákærði hefði ekki verið æstur en „hundfúll“ vegna komu lögreglu og sagt um einkamál þeirra að ræða. Hefði honum orðið tíðrætt um að brotþoli væri blóðheit og erfið. Ákærði hefði verið fluttur á lögreglustöðina og þegar hann hefði þar verið færður úr leðurjakka sínum hefði komið í ljós að hann hefði verið talsvert blóðugur á annarri hendi og með stungusár þar, en einnig klór- og bitför. Þá hafi ákærði verið með þrjá síma á sér og sagt að einn væri hans sjálfs, annar væri gsm-sími brotþola og þriðji heimasími hennar. Gsm-sími brotþola hefði verið brotinn í tvennt.

Vitnið sagði að ákærði hefði sagt að brotþoli hefði ráðist að sér mér hníf.

Vitnið P rannsóknarlögreglumáður sagðist hafa fengið skyrta ákærða í hendur við rannsókn málsins. Skyrta hefði verið blóðug á ermum. Vitnið kvaðst hafa séð lítið gat á skyrtunni, milli herðanna, en þar hefði ekkert blóð verið að sjá. Hefði vitnið fengið ákærða til sín til að athuga hvort eitthvað væri að sjá á honum sem skýrt gæti gatið. Vitnið hefði skoðað bak ákærða en þar hefði ekkert verið að sjá sem tengst gæti gatinu á skyrtunni, hvorki sár né hrúfl. Vitnið kvaðst ekki muna hvenær þetta hefði verið gert, það hefði verið einhverjum dögum eftir atvikið, en ekki mörgum. Vitnið kvaðst ekki muna hvort þá hefði verið tekin skýrsla af ákærða.

Vitnið Q, bróðir ákærða, sagðist hafa verið viðstaddur er kona sín, vitnið I, hefði tekið sauma úr hendi ákærða. Hefði ákærði sagt brotþola hafa stungið sig. Þá hefði ákærði kvartað yfir kláða á baki og hefði vitnið skoðað bakið og séð „smá áverka“ á því ofarlega, rétt fyrir neðan hnakka.

Vitnið sagðist hafa farið heim til brotþola í febrúar 2013, að beiðni fyrrverandi tengdaföður hennar. Hún hefði þá verið með marbletti og hefði gefið þá skýringu að ákærði hefði ráðist á sig.

Vitnið I, mágkona ákærða, sagðist hafa séð áverka á ákærða eftir hníf. Hún hefði tekið sauma úr hendi hans en þeir hefðu komið til af hnífstungu frá brotþola, að því er ákærði hefði sagt. Hún kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær þetta hefði verið.

Vitnið E félagsráðgjafi bar að brotþoli hefði komið á slysadeild í febrúar 2013 og í framhaldi af því til vitnisins. Hefði þá verið liðinn langur tími frá því þær hefðu hist síðast. Vitnið staðfesti vottorð sitt en að öðru leyti þykir ekki sérstök ástæða til að rekja framburð þess frekar hér.

Vitnið D lýtalæknir kvaðst hafa skoðað brotþola í ágúst 2010. Skoðunin og frásögn brotþola gætu komið heim og saman. Vitnið kvað mun hafa verið á hægri og vinstri andlitshelmingi og áberandi minni vöðvanotkun í vinstri kinn eða í kringum vörina. Brotþoli hefði komið aftur til sín í júní 2013 og þá hefði vitninu fundist vera meiri dofi og vöðvi við efri vör slappari en áður. Spurður um batahorfur sagði vitnið að það tæki taugar allt að tveimur árum að verða betri, en eftir það yrði yfirleitt ekki frekari bati. Hafi ástand brotþola í júní 2013 verið vegna áverka sem hún hafi fengið í febrúar sama ár, mætti geri ráð fyrir að ástandið hafi þá átt eftir „að skána eitthvað“.

Vitnið C læknir staðfesti vottorð sitt.

Vitnið F læknir staðfesti vottorð. Hún kvað áverka á brotþola geta komið heim og saman við sögu hennar. Brotþoli hefði þurft að vera með sauma í tíu daga og þurft að vera frá vinnu allan þann tíma, og væntanlega lengri tíma hafi hún fengið sýkingu. Sár ákærða í lófa gætu komið heim og saman við að hann hafi tekið um hnífslað til að reyna að ná hníf. Hún kvaðst ekki muna hvort hún hefði skoðað bak ákærða en það hefði verið bókað ef hann hefði borið um stunguáverka á baki.

Vitnið R, BA í sálfræði, kvaðst hafa verið „meðferðaraðili“ ákærða í nokkur ár en auk þess hefðu þau þekkt í 24 ár. Aðstoðaði hún ákærða sem vinur hans. Vitnið sagðist hafa séð umbúðir á baki ákærða eftir stungusár, en ekki muna hvenær það hefði verið.

### *Ákæra lögreglustjórans á Akureyri*

Ákærði sagðist hafa verið heima hjá sér þegar vinur sinn, H, hefði komið í heimsókn á eigin bifreið. Ákærði hefði verið búinn að mæla sér mót við tiltekinn bifreiðastjóra á BSO og hefði H ekið sér þangað á bifreið ákærða, en skilið eigin bifreið eftir heima hjá honum. Þegar á leigubifreiðastöðina hefði verið komið, hefði ákærði stigið úr bifreiðinni og farið í afgreiðsluna. Bifreið sín hefði verið skilin eftir við stöðina en H gengið leiðar sinnar, en hann hefði þá átt heima þar skammt frá. Bifreiðarstjóri sá, sem ákærði hefði ætlað að finna, hefði verið nýfarinn af stöðinni svo ákærði hefði gengið burt og ætlað á eftir H. Þegar hann hefði verið kominn í námunda við sólbaðsstofuna Stjörnusól, sem væri um áttatíu metra frá leigubílastöðinni, hefði lögreglan komið og tekið hann fastan.

Ákærði sagði að til væru þrjú eintök af lykllum að bifreið sinni. Sjálfur hefði hann eitt, dóttir sín annað og H hefði þarna verið með það þriðja.

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði ekki sagt lögreglu að H hefði ekið bifreiðinni en ekki hann sjálfur, og sagði það vera vegna þess að hann „treysti ekki lögreglunni fyrir húshorn“. Þar að auki ætti lögreglan ekki að yfirheyra drukna menn.

Ákærði kvaðst efast um að leigubifreiðarstjóri sá, sem hefði sagst hafa séð hann aka bifreið sinni, hefði séð það í raun. Þarna hefði verið niðamyrkur og filmur fyrir rúðum. Kvaðst ákærði ekki muna til þess að bifreiðastjórinn hefði verið úti á plani, enda væri síminn á BSO með snúru sem byði ekki upp á slíkt.

Vitnið G leigubifreiðarstjóri kvaðst hafa verið á næturvakt á BSO umrædda nótt. Afgreiðslan væri jafnan læst að nóttu en knúið hefði verið dyra og vitnið hleypt komumanni inn. Þar hefði ákærði verið á ferð og kvað vitnið engan vafa leika á því, þeir væru jafnaldrar og vitnið hefði kannast við hann í þrjátíu til fjörutíu ár. Ákærði hefði viljað vín en vitnið sagst ekki hafa það í boði. Eftir stuttar viðræður þeirra um þetta hefði ákærði farið út. Fyrir utan hefði bifreið staðið og ákærði opnað dyr hennar og sest undir stýri. Vitnið hefði hugsað með sér að ákærði væri ölvaður og hefði farið á eftir honum, „[rifið] upp hurðina og [sagt]: þú ferð ekkert á þessum bíl, nú hringi ég bara á lögregluna.“ Þá hefði ákærði fært bifreiðina fyrir húshornið og komið svo gangandi til vitnisins og beðið hann um að hringja ekki á lögregluna. Vitnið hefði svarað því til að hann liði engum að aka ölvaður en þá hefði ákærði ætt af stað og gengið yfir götuna. Vitnið hefði náð sambandi við lögreglu og lýst ferðum ákærða. Ákærði hefði komið að nýju til vitnisins og endurtekið ósk sína um að ekki yrði hringt á lögreglu en vitnið hefði svarað því til að hann væri þá með lögregluna í símanum. Ákærði hefði þá tekið „á strauð aftur yfir götuna og milli

húsa og í áttina að sólbaðsstofunni“ en vitnið áfram verið í sambandi við lögreglu. Skömmu síðar hefði vitnið séð glampa af bláum ljósum og lögreglumann á hlaupum og séð lögreglu taka ákærða fastan við sólbaðsstofuna. Lögreglan hefði svo komið með ákærða til vitnisins og spurt hvort væri ökumaðurinn, og hefði vitnið staðfest það.

Vitnið sagði að enginn hefði verið með ákærða í bifreiðinni og enginn þar nálægt.

Vitnið sagði að sú vegalengd sem ákærði hefði ekið að sér ásjáandi hefði ekki verið löng, tveir til þrjú metrar.

Vitnið sagði að stæði það, sem ákærði hefði lagt bifreið sinni í, væri eingöngu ætlað leigubifreiðum. Stæðið væri ekki merkt þeim sérstaklega en þetta vissu allir.

Vitnið S lögregluþjónn sagði tilkynningu hafa borist um ölvaðan ökumann við BSO. Lögreglan hefði hraðað sér þangað og séð þá mann á ferli milli Geislagötu 10 og Kaffis Akureyrar. Kallað hafi verið til hans en hann þá hlaupið undan. Annar lögregluþjónn, T, hefði stökkið úr bifreiðinni og farið á eftir manningnum, sem hefði verið handtekinn skammt frá. Þeir hefðu farið með hann á BSO þar sem tilkynnandi hafi staðfest að hinn handtekni væri ökumaðurinn. Maðurinn hefði verið með lykil bifreiðarinnar á sér.

Vitnið sagðist ekki muna hvort maðurinn hefði sagt að einhver annar hefði ekið bifreiðinni eða nefnt vitnið H á nafn. Slíkt hefði þá verið skráð í skýrslu.

Vitnið T lögregluþjónn lýsti aðdraganda handtöku ákærða með sama hætti og vitnið S. Vitnið sagði að ákærði hefði ekki gefið skýra frásögn við handtökuna og fyrst sagt að hann hefði ekki ekið bifreiðinni en svo sagst hafa verið á henni, en frásögnin hefði aldrei orðið heildstæð. Vitnið tók þó fram að langt væri um liðið.

Vitnið H kvaðst hafa farið heim til ákærða þetta kvöld og þá verið á eigin bifreið. Eftir um tveggja klukkustunda veru þar hefði hann ekið ákærða þaðan, á bifreið hans, að bifreiðastöðinni BSO. Hefði vitnið lagt bifreiðinni vestan megin við afgreiðslu BSO. Þetta hefði vitnið gert að beiðni ákærða sem hefði ætlað að hitta einhvern bifreiðastjóra að máli. Þeir ákærði hefðu skilið á planinu við bifreiðastöðina og er vitnið hefði gengið burt hefði hann séð ákærða ganga að dyrunum. Á þessum tíma hefði vitnið átt heima í ... og hefði gengið þangað en skilið bifreið ákærða eftir. Ákærði hefði viljað hafa þennan hátt á, og hann hefði átt bifreiðina, svo vitnið hefði ekki andmælt því. Vitnið hefði svo farið með frænda sínum daginn eftir og vitjað bifreiðar sinnar heima hjá ákærða.

Vitnið sagði að það stæði, sem hann hefði lagt í, væri eingöngu ætlað leigubifreiðum. Hann hefði hins vegar lagt þar, þar sem hann hefði séð að bifreiðin yrði ekki fyrir neinum þarna og hann hefði talið í lagi að hún yrði þar til morguns. Vitnið hefði notað varalykla að bifreiðinni og tekið þá með sér eftir aksturinn.

## Niðurstaða

Ljóst er að brotaþoli kom á sjúkrahúsið á Akureyri hinn 22. ágúst 2010 og var þá með þá áverka sem í vottorði eru greindir. Þá er ljóst af vottorði að hún hefur þá borið að unnusti hennar hafi ráðist á sig. Hún hefur borið á sama veg við félagsráðgjafa er starfar á sjúkrahúsinu. Hún kveðst einnig hafa tjáð mágkonu ákærða þetta sama í samtali um svipað leyti, en mágkonan kannaðist ekki við það er hún bar vitni fyrir dóminum. Framburð mágkonunnar verður að skoða í ljósi tengsla hennar og ákærða en engu að síður þykir, í ljósi meginreglu sakamálaréttarfars um að ákærvaldið beri sönnunarbyrði af öllu sem ákærða í óhag, ekki fært að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að brotaþoli hafi tjáð sig á þennan hátt í samtali þeirra.

Ákærði neitar sök og kveður ósannað að brotaþoli hafi verið á heimili hans umrætt kvöld. Sonur hans kvaðst fyrir dómi hafa verið heima og ekki hafa orðið var við nein átök. Framburð hans verður að meta í ljósi tengsla hans við ákærða og þess að vel á fimmta ár er liðið frá þessum tíma.

Óumdeilt er að ákærði og brotaþoli fóru ósjaldan út að skemmta sér saman. Hins vegar hefur enginn nema brotaþoli borið fyrir dómi af vissu um að þau hafi verið saman umrætt kvöld. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem veita því atriði sérstakan stuðning. Þegar á allt er horft þykir dóminum sem ákærvaldinu hafi ekki tekist að færa fram lögfulla sönnun fyrir því, svo hnekkst geti neitun ákærða, að brotaþoli hafi verið á heimili ákærða aðfaranótt 22. ágúst 2010 og þar fengið af hans völdum þá áverka sem taldir eru upp í ákæru. Verður því að sýkna ákærða af fyrri ákærulið í ákæru ríkissaksóknara.

Enginn vafi er hins vegar á að til átaka kom milli ákærða og brotaþola aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar 2013. Telja má sannað að hvort um sig hafi fengið þá áverka sem í vottorðum greinir.

Skýrta ákærða var sýnd í réttinum og var lítið gat á baki hennar. Hins vegar sá P rannsóknarlögreglumaður, sem sérstaklega kallaði ákærða á sinn fund í framhaldi af því að hafa tekið eftir gatinu á skyrtni, engin merki um ákomu á baki ákærða. Í læknisvottorði um skoðun á ákærða eftir atvikið er hvorki minnst á áverka á baki né á að hann hafi sagt frá stungu í bakið. Þykir í þessu ljósi ekki verða byggt á að hann hafi fengið stungu í bakið í átökunum, og þykir framburður bróður hans og vitnisins R engu breyta um þessa niðurstöðu.

Ákærði kveðst hafa verið í sjálfsvörn. Fyrir liggur að brotaþoli freistaði þess í átökunum að hringja til lögreglu en ákærði tók af henni síma. Lögregla fann á honum tvo síma brotaþola og var annar brotinn. Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa hindrað hana í að hringja á lögreglu þar sem sér hefði fundist lögregla búin að koma nógu oft til þeirra. Sú staðreynd að brotaþoli reyndi að kalla á lögreglu en ákærði hindraði það, mælir gegn því að hann hafi átt hendur sínar að verja fyrir árásum brotaþola. Verður að telja almennar líkur á því að það sé fremur árásarþoli en árásarmaður sem vilji fá lögreglu á vettvang.

Vitnið L kvaðst hafa heyrt úr íbúðinni „óhljóð“ í konu og lýsti „óhljóðunum“ sem væli frekar en öskrum. Hún hefði hins vegar ekkert heyrt í karlmanni.

Ljóst má telja að brotþoli hafi á einhverju stigi átakanna haft hníf í hönd og ákærði fengið áverka af honum, en sjálf segist hún hafa otað honum að ákærða í varnarskyni. Ber þeim ákærða saman um að hann hafi tekið af henni hnífinn. Ákærði hlaut stungusár á hönd og rispur í báða lófa og þykja áverkarnir geta komið heim og saman við þessa frásögn.

Að mati dómsins var framburður brotþola trúverðugur en á hinn bóginn þykir í ljósi framanritaðs ekki trúverðugt að hún hafi ráðist á ákærða sem hafi síðan verið í sjálfsvörn. Þykir verða að leggja framburð brotþola til grundvallar og telja ákærða sannan að sök samkvæmt síðari ákærulið, en háttsemi hans er í ákærinni rétt færð til refsheimildar.

Loks er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis stutta vegalengd.

Vitnið G leigubifreiðarstjóri bar fyrir dómi að ákærði, sem vitnið hefði kannast við um áratuga skeið, hefði komið á leigubifreiðastöðina, falast þar eftir áfengi, en eftir að hafa verið tjáð að það væri ekki í boði, farið í bifreið sína og ekið henni spölkorn. Fyrir liggur að vitnið hafði samband við lögreglu og bar kennsl á ákærða þegar hann hafði verið handtekinn þar skammt frá, stuttu síðar. Framburður vitnisins var mjög trúverðugur.

Fyrir liggur að ákærði var handtekinn skammt frá bifreiðastöðinni og var hann þá með kveikjúláslykil að bifreiðinni í fórum sínum. Nefndi ákærði ekki við lögreglu þá um nóttina að vinur sinn, H, hefði í raun ekið bifreiðinni, en telja verður líkur á því að maður, sem handtekinn er fyrir ölvunarakstur, upplýsi lögreglu um það ef hann veit til þess að annar maður hafi í raun verið ökumaðurinn. Fyrir dómi vísaði ákærði til þess að hann treysti lögreglunni alls ekki og hefði því ekki tjáð sig um þetta við hana um nóttina, auk þess sem alls ekki ætti að yfirheyra ölvaða menn. Hvað sem um þessi atriði má segja þykir ekki verða horft fram hjá því að ákærði nefndi H ekki sem raunverulegan ökumann, þegar lögreglan handtók hann og færði á lögreglustöð grunaðan um ölvunarakstur.

Framburður ákærða og H fyrir lögreglu um mánuði eftir atvikið, og svo framburður þeirra beggja fyrir dómi, breytir engu um það, að telja verður sannað með mjög trúverðugum framburði vitnisins G að ákærði hafi í raun ekið bifreið sinni stuttan spöl á bifreiðastæðinu við BSO þessa nótt. Er hann því sannur að sök samkvæmt ákæru sýslumannsins á Akureyri, en háttsemi hans er í ákærinni rétt færð til refsheimildar.

Af sakaferli ákærða skal þess getið hér að með dómi Hæstaréttar Íslands var hann hinn 11. desember 2014 dæmdur til greiðslu 250.000 króna sektar fyrir brot gegn 1. sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga og var jafnframt sviptur ökurétti í tvö ár og þrjá mánuði frá 10 mars 2014 að telja, en héraðsdómur, þar sem ákærði hafði verið sakfelldur fyrir brot gegn sömu lagaákvæðum, var kveðinn upp 27. febrúar 2014. Hefur dómurinn ítrekunaráhrif að því er varðar tímalengd sviptingar ökuréttar sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 92/2008. Ákærða hefur

ekki áður gerð refsing fyrir ofbeldisbrot. Á hinn bóginn var brotapolí unnusta hans um átta til níu ára skeið, þótt þau hafi aldrei átt sameiginlegt heimili. Verður litið svo á að þau hafi verið nákomin í skilningi 3. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Verður ákærði dæmdur til átta mánaða fangelsis en fullnustu þeirrar refsingar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ákærða gerð 220.000 króna sekt vegna umferðarlagabrotsins en sextán daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Ákærði verður sviptur ökurétti í þrjú ár og sex mánuði frá 10. júní 2016 að telja. Ákærði framdi ólögmeita meingerð gagnvart brotapolá og verður dæmdur til greiðslu 600.000 króna miskabóta til hennar ásamt vöxtum svo sem í dómsorði greinir. Þá liggur fyrir samkvæmt vottorði að brotapolí var í tólf daga með sauma og svo á sýklalyfjum í viku vegna sýkingar. Verður ákærði dæmdur til greiðslu þjáningabóta vegna nítján daga, 33.440 króna, ásamt vöxtum svo sem í dómsorði greinir. Bótakrafa var birt 4. mars 2014.

Ákærði er sýknaður af fyrri ákærulið ákæru ríkissaksóknara en sakfelldur af hinum síðari og ákæru sýslumanns. Verður ákveðið að ákærði greiði að tveimur þriðju hlutum en ríkissjóður einum þriðja 1.860.000 króna málsvarnarlaun Gísla M. Auðbergssonar hrl., verjanda ákærða, 366.560 króna ferðakostnað verjandans og 558.000 króna þóknun Arnbjargar Sigurðardóttur hrl. réttargæslumanns, og er virðisaukaskattur innifalinn í launum lögmannanna. Annar sakarkostnaður samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins, 258.603 krónur, er vegna ákæruliða er ákærði er sakfelldur fyrir og ber honum að greiða hann að fullu, en fjörutíu þúsund króna ferðakostnaður vitnis, sem ekki er getið á yfirlitinu, var vegna þess ákæruliðar er ákærði var sýknaður af og greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði. Gætt var ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins fór Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari með málið.

Málið dæma héraðsdómararnir Þorsteinn Davíðsson, Erlingur Sigtryggsson og Ólafur Ólafsson.

## **D Ó M S O R Ð**

Ákærði, X, sæti átta mánaða fangelsi en fullnustu refsingarinnar er frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 220.000 króna sekt í ríkissjóð en sextán daga fangelsi komi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár og sex mánuði frá 10. júní 2016 að telja.

Ákærði greiði A 633.444 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 10. febrúar 2013 til 5. apríl 2014, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði að tveimur þriðju hlutum 1.860.000 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar hrl., 366.560 króna ferðakostnað hans, og 558.000 króna þóknun Arnbjargar Sigurðardóttur hrl. réttargæslumanns brotaþola. Þá greiði ákærði annan sakarkostnað 258.603 krónur.